

Kæru foreldrar

Við hjá lögreglunni á Suðurlandi viljum góðfúslega vekja athygli ykkar á því að frá og með 4. júlí sl. voru meðal annars þær breytingar gerðar á umferðarlögum að börnum sem ekki hafa náð fullra 13 ára aldri er óheimilt að aka smáfarartækjum. Til smáfarartækja flokkast rafmagnshlaupahjól og tvíhjóla ökutæki á einum öxli.

Frá þessum breytingum hefur töluvert sést til barna yngri en 13 ára á rafmagnshlaupahjólum en viljum við með þessum pósti beina því til foreldra að taka þau úr umferð þar til barnið hefur náð 13 ára aldri. Athygli er vakin á því að miðað er við 13 ára afmælisdag barnsins.

Hafi foreldrar eða aðrir spurningar til okkar er hægt að beina þeim á isl.samfelagsloggur@logreglan.is Þá viljum við einnig benda ykkur á instagram reikning samfélagslöggunnar á Suðurlandi.

Kveðja góð



samfelagsloggur_sudurland



Samfélagslöggan á Suðurlandi



42
posts

682
followers

14
following

Samfélagslöggur Suðurland

isl.samfelagsloggur@logreglan.is

www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/su...